

B 324/välfärd

Afgreiðsla Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal Samstarfsáætlun á löggjafarsviði 2019–2022

Nefndarálit norrænu velferðarnefndarinnar um
ráðherranefndartillögu *Samstarfsáætlun á löggjafarsviði 2019–2022*

Tillaga

Norræna velferðarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að hún framfylgi ráðherranefndartillögu um samstarfsáætlun á löggjafarsviði 2019–2022 að teknu tilliti til sjónarmiða Norðurlandaráðs.

Bakgrunnur

Gildandi samstarfsáætlun á sviði löggjafar á Norðurlöndum (löggjafarsamstarfið) tekur til ára 2015–2018. Ný samstarfsáætlun hefur verið samin fyrir árin 2019–2022.

Fulltrúar Svíþjóðar í embættismannanefndinni um löggjafarsamstarf komu á fund velferðarnefndar Norðurlandaráðs í Stokkhólmi 24. janúar 2018 og greindu frá ferlinu við gerð áætlunarinnar.

Væntanleg áhrif tillögunnar/sjálfbærnimarkmiðin

Hvað hnattræn sjálfbærnimarkmið Dagskrár 2030 snertir fellur samstarfsáætlunin undir 16. markmiðið: Friðsæl samfélög fyrir alla menn fyrir sakir réttarvörslukerfisins.



Álit nefndarinnar

Norræna velferðarnefndin fagnar samráði við Norrænu ráðherranefndina um gerð nýju samstarfsáætlunarinnar og tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum að snemma við meðferð málsins.

Nefndin veitir því athygli að samstarfsáætlunin er byggð upp með líkum hætti og fyrri áætlun, þar sem áherslan er á réttaröryggi, réttarsamræmingu, norrænt notagildi og afbrotavarnir, og telur að það eigi enn þá rétt á sér.

Einnig sé til fyrirmyndar að áherslu Norðurlandaráðs á að vinna bug á stjórnsýsluhindrunum gæti í skýrum ábendingum um þá ábyrgð landanna að forðast nýjar stjórnsýsluhindranir við setningu nýrrar löggjafar og innleiðingu ESB/EES-löggjafar. Auk þess er bent á að mikilvægt sé að þróa frekar óformlegt samstarf um upptöku ESB/EES-gerða. Norðurlandaráð hefur lengi reynt að stuðla að samstarfi ríkisstjórnanna um innleiðingu löggjafar ESB og eru því miðlun reynslu og sameiginlegar úttektir fagnaðarefni í ljósi væntinga um að komið verði í veg fyrir óþarfa stjórnsýsluhindranir.

Þessu fagnar nefndin og tekur fram að það er í samræmi við ákvörðun samstarfsráðherranna hinn 6. september 2018 um að mælast til við sviðin að þau skiptist á upplýsingum um lagafrumvörp í löndunum og álitamál varðandi ESB-löggjöf að minnsta kosti einu sinni á ári til að fylgja eftir skýrslunni „*Eflt norrænt löggjafarsamstarf - tækifæri og áskoranir*“ eftir Inge Lorange Backer samhliða því að þau aðgæti og reyni að komast hjá löggjöf eða innleiðingu á ESB-löggjöf sem hefur stjórnsýsluhindranir á Norðurlöndum í för með sér. Enn fremur hvöttu samstarfsráðherrarnir löndin til að taka á sig skuldbindingar með því að fella inn í reglur þeirra um meðferð og undirbúning lagafrumvarpa ákvæði þess efnis að tillit skuli tekið til aðstæðna í öðrum norrænum löndum þegar unnt er og við á, meðal annars til að fyrirbyggja stjórnsýsluhindranir.

Samstarfsáætlunin er orðin skýrari og nákvæmari að því er varðar raunverulega framkvæmd og er það af hinu góða.

Norðurlandaráð telur að samstarf norrænu landanna sín á milli og við Eystrasaltlöndin um aðgerðir gegn mansali á sviði afbrotavarna á Norðurlöndum sé enn mikilvægt.



Norðurlandaráði er vel kunnugt um takmörkuð efni löggjafarsamstarfsins og hvetur Norrænu ráðherranefndina til að byggja á þverfaglegu samstarfi, meðal annars um mansal sem er flókið viðfangsefni og skarast á ýmsan hátt við svið félags- og heilbrigðismála, atvinnulífs og jafnréttismála. Mun vel til fallið að halda áfram að efla og þróa samstarf sem komið var á í tíð gildandi samstarfsáætlunar.

Ósló, 30. október 2018

Anna-Maja Henriksson (sv)

Antti Kurvinen (cent)

Axel Jonsson (ÅF)

Bente Stein Mathisen (H)

Charlotte Quensel (SD)

Eva Lindh (S)

Jenis av Rana (Mfl.)

Karen J. Klint (S)

Kolbeinn Óttarsson Proppé (VG)

Maria Stockhaus (M)

Mika Raatikainen (saf)

Nina Sandberg (A)

Ola Johansson (C)

Per-Arne Håkansson (S)

Pål Jonson (M)

Steinunn Þóra Árnadóttir (VG)

Tore Storehaug (KrF)

Ulf Leirstein (FrP)